

Fundur 3.3.2011

Mættir: Særún, Siggi, Selma, Sólveig og Hildur.

Öskudagur

Skólastjóri hafði samband við stjórn foreldrafélagsins og lét vita að foreldrar væru velkomnir á öskudaginn. Hjálp við að sauma öskupoka væri vel þegin.

Foreldrafélagið er beðið um að kaupa nammi í nammipoka. Verðum að fá á hreint hvort það eigi við öll stigin eða bara yngsta stig (250 pokar).

Ekki nógu skýr póstur frá skóla til foreldra, hvernig öskudagur er skipulagður. Koma því til skólastjórnenda á morgun.

Hafa samband við bekkjarfulltrúa í fyrramálið um að koma að því að setja nammi í poka. Stefnt er að þeirri vinnu á mánudagskvöldið. Einhverjir úr stjórninni mæta og er þá nóg að fá nokkra bekkjarfulltrúa með. Athuga hvort hagstæðara sé að kaupa úr sælgætisgerð eða Bónus. Hildur sendir póst til bekkjarfulltrúa í fyrramálið.

þarf að kaupa sælgæti og poka.

Særún talar við Magneu í fyrramálið og spyr um eftirfarandi mál:

- Bráðaofnæmi nokkurra barna.
- Skólahúsnæði fyrir mánudagskvöldið.
- Póstur til foreldra er ekki skýr varðandi öskudag.
- Hvort verið sé að tala um nammi fyrir yngsta stig eða öll stigin.

Dagsetning fyrir aðalfund

Ákveðið að hafa aðalfund 10. maí næstkomandi.

Senda út tilkynningu um aðalfund 19. apríl. Láta vita af því í tilkynningunni að tíminn fram að aðalfundi verði notaður fyrir tillögur að lagabreytingum og fyrir framboð í stjórn.

Senda aftur út fundarboð viku fyrir aðalfund. Senda þá út þær tillögur að lagabreytingum sem komnar eru.

Farið yfir lög Foreldrafélags Álfrólsskóla (sjá fylgiskjal).

Stefnumótunardagur

Stefnumótunardagur verður 14. mars næstkomandi. Fundurinn verður líklega kl. 8 eða 10 um morguninn.

Farið verður yfir stefnumál sem sett voru fyrir ári síðan; hvað er búið og hvað var sett í bið.

Koma með tillögur sem settar voru fram á bekkjarfulltrúanámskeiðinu:

- Samskiptamiðlun milli skólastjórnenda og foreldra.
- Hvernig er tekið á móti nýjum foreldrum/nemendum. Foreldrar „fóstri“ nýja foreldra.
- Meira samstarf bekkjarfulltrúa og umsjónarkennara.